

Eintak án trúnaðarupplýsinga

Ákvörðun nr. 6/2023
Fimmtudagurinn 23. febrúar 2023

Samruni Skel fjárfestingafélags ehf., Skeljungu ehf., Kletts sölu og þjónustu ehf. og Klettagarða 8-10 ehf.

1. Samkeppniseftirlitið hefur tekið afstöðu til kaupa SKEL fjárfestingafélags á öllu hlutafé Kletts sölu og þjónustu ehf. og Klettagarða 8-10 ehf. Samruninn var tilkynntur þann 13. desember 2022 og taldist samrunatilkynningin fullnægjandi í skilningi 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglna nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Rannsókninni lauk á fyrsta fasa þann 17. janúar 2023, með ákvörðun um að aðhafast ekki vegna samrunans. Í ákvörðun þessari er gerð nánari grein fyrir samrunanum og forsendum ákvörðunarinnar.
2. Samkvæmt samrunaskrá eru aðilar samrunans og viðskiptanna SKEL fjárfestingafélag hf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík („SKEL“) vegna kaupa dótturfélags þess, Skeljungu ehf., Skútuvogi 1, 104 Reykjavík („Skeljungur“), í gegnum eignarhaldsfélagið Skel 1 ehf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík („Skel1“), á öllu hlutafé í Kletti – sölu og þjónustu ehf., Klettagörðum 8-10, 104 Reykjavík („Klettur“). Seljandi félagsins er félagið Kontor ehf., einnig skráð að Klettagörðum 8-10 („Kontor“).
3. Samhliða kaupsamningnum kaupir SKEL af seljanda, félagið Klettagarða 8-10 ehf., 104 Reykjavík, sem á og rekur húsnæði sem hýsir starfsemi Kletts. Viðskiptin eru að sögn samrunaaðila í reynd ein heild og háð hvor öðru samkvæmt kaupsamningnum sem undirritaðir voru 7. október 2022.
4. Tilkynntu samrunaaðilar um samrunann með styttri tilkynningu á grundvelli b-liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig viðauka II við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.
5. Í samrunaskrá kemur eftirfarandi fram um starfsemi samrunaaðila:
 - a) Klettur var stofnað árið 2010 og tók félagið yfir rekstur vélasviðs Heklu og umboðssamning þess við Caterpillar. Móðurfélag Kletts er Kontor ehf. Starfsemi Kletts felist í sölu og þjónustu við vinnuvélar, aflvélar, rafstöðvar, lyftara, rafgeyma, hleðslukrana, hjólbarða, vöruflutninga- og hópferðabíla, gíra og skrufubúnaðar o.fl. að sögn samrunaaðila. Félagið sé umboðsaðili Scania og Caterpillar á Íslandi auk ýmissa annarra framleiðenda. Klettur reki fimm þjónustuverkstæði í Reykjavík og eitt á Akureyri. Því til viðbótar starfræki félagið hjólbarðaverkstæði undir eigin nafni og undir vörumerkinu Sólning.
 - b) SKEL fjárfestingafélag (áður Skeljungur hf.) hafi tekið töluverðum breytingum á undanförunum misserum og sé nú fjárfestingafélag með áherslu á þróun á nýjum tækifærum með félögum í fjölbreyttu eignasafni. Samkvæmt 3. gr. samþykktu félagsins sé tilgangur þess að eiga og stýra félögum sem eru m.a. á sviði smásölu og heildsölu, rekstur fasteigna,



skipa og þjónustustöðva. Enn fremur lána- og fjárfestingastarfsemi og annar atvinnurekstur eða þátttaka í atvinnurekstri, samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar.

- c) Skeljungur starfi við sölu og þjónustu til fyrirtækja sem tengist fjölorku. Fyrirtækið sjái um dreifingu, innkaup og heildsölu á eldsneyti, smurolíum, hreinsi- og efnavörum, áburði sem og öðrum vörum og þjónustupáttum til fyrirtækja og bænda. Þjónusta og sala til stórnotenda, útgerða, í flug og verktöku verði einnig hluti af starfseminni samkvæmt samrunaskrá. Skeljungur sé enn fremur umboðsaðili Shell á Íslandi og fari með eignarhald í SKEL1, Barki, EAK, Fjölveri og Ecomar.
- d) Orkan IS ehf., („Orkan“) starfi á sviði þjónustu til einstaklinga, s.s. rekstur þjónustustöðva Orkunnar, Extra, 10-11, Löðurs bílapvottastöðva, apóteka Lyfsalans og Lyfjaval, Íslenska vetnisfélagsins, Gló og Straumlind. Félagið muni auk þess fara með eignarhald samstæðunnar í Brauð & Co. að sögn samrunaaðila. Orkan selji smurolíu í smásölu á tilteknum þjónustustöðvum sínum, líkt og Klettur. Að öðru leyti sé ekki skörun í starfsemi Orkunnar og Kletts.
- e) Þá séu önnur félög í samstæðu Skel en ekki sé nauðsynlegt að fjalla um nánar um starfsemi þeirra þar sem það hafi ekki vægi í málinu að mati samrunaaðila.

Sjónarmið samrunaaðila

- 6. Í samrunaskrá lýsa aðilar samrunanum með þeim hætti að engin skörun sé í starfsemi félaganna að undanskilinni smásölu á smurolíu. Klettur kaupir smurolíu af Skeljungu og selji hana í umboðssölu á verkstæðum sínum. Skeljungur og Orkan, systurfélag Skeljungs, selji margskonar tegundir smurolíu í smásölu á tilteknum útsölustöðvum og á vef Skeljungs. Því sé bæði um að ræða láréttan samruna (smásala smurolíu) og lóðréttan samruna (heildsala og smásala smurolíu) á þeim markaði. Að öðru leyti feli viðskiptin í sér samsteypusamruna að sögn samrunaaðila.
- 7. Tilgangur samrunans sé að sögn samrunaaðila að styrkja vöru- og þjónustuframboð samstæðu Skel og byggja upp öflugt sölu- og þjónustufyrirtæki fyrir íslenskt atvinnulíf. Með kaupunum verði kominn vísir að alhliða þjónustufyrirtæki sem á næstu árum geti tekið virkan þátt í beinni uppbyggingu innviða hér á landi. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hyggst Skel gera dótturfélögin Skeljung og Orkuna skráningarhæf á næstu þremur árum. Viðskiptin séu liður í þeirri áætlun að breikka vöruframboð félaganna.
- 8. Að mati samrunaaðila gæti áhrifa samrunans einungis á markaði fyrir innflutning og sölu á smurolíu. Þá skilgreina samrunaaðilar einnig nokkra undirmarkaði smurolía.
- 9. Um markaðinn segja samrunaaðilar að smurolíur séu eingöngu innfluttar en ekki framleiddar hérlendis. Ólíkt almennum markaðsskilgreiningum þá sé erfiðara að mati aðila að skipta markaðnum eftir sölustigum innflutnings, heildsölu og/eða smásölu fyrir smurolíur. Smurolía sé yfirleitt flutt inn og seld á fyrirtækjamarkaði hvort sem er í heildsölu eða beinni smásölu. Líttill munur sé á heildsölu til endursöluaðila eða smásölu til stórnotenda, þ.e. útgerða, stóriðju, iðnfyrirtækja og verktaka, svo sem m.t.t. til afsláttu og annarra sérkjara sem taki mið af umfangi hvort sem vara sé seld beint til stórnotanda eða heildseld til endursala. Því sé líttill munur á heildsölu og smásölu smurolíu að minnsta á kosti á fyrirtækjamarkaði. Að mati samrunaaðila renni sölustig því raunar saman á smurolíumarkaði.
- 10. Um smásölu til einstaklinga séu smurolíur seldar jafnvel beint af innflytjendum á einstaka útsölustöðum, líkt og í verslun Skeljungs/Orkunnar, eða í bílaumboðum. Þá megi einnig nálgast



slíkar vörur í sérverslunum fyrir bílavörur, en einstaklingar kaupi smurolíu jafnframt með annarri þjónustu t.d. á bifreiðaverkstæðum.

11. Vegna ólíkra eðliseiginleika tegunda smurolíu og sérstakrar hönnunar þeirra fyrir mismunandi tegundir véla sé almennt ekki staðganga milli smurefna að sögn samrunaaðila. Tegundir séu enda fjölmargar og smurolíur jafnvel sérhannaðar fyrir mismunandi tegundir véla sem brenni mismunandi eldsneyti. Til að mynda séu smurefni sem ætluð séu til notkunar í stórum skipavélum ekki nothæfar fyrir ökutæki, og öfugt. Með hliðsjón af tegundum véla skipta samrunaaðilar smurolíu markaði í fjóra undirflokkka:
 - a) smurolíur fyrir fiski- og flutningaskip
 - b) smurolíur fyrir vinnuvélar, ökutæki (flutninga-, hópferða- og fólksbifreiðar) og minni bátavélar
 - c) spennalíur
 - d) aðrir flokkar sérhæfðra smurefna, svo sem matvælavottaðar smurolíur
12. Að sögn samrunaaðila flytji Skeljungur inn og selji smurolíur í öllum flokkum, en Klettur kaupi hins vegar og noti aðeins í verkstæðisrekstri sínum smurolíur í b-flokki fyrir vinnuvélar og ökutæki. Möguleg og meint áhrif samrunans gæti því einkum á undirmarkaði innflutning og sölu á smurolíum handa vinnuvélum, ökutækjum og minni bátavélum. Hægt sé að nálgast algengustu tegundir af smurolíum fyrir flestar tegundir véla og ökutækja hjá mörgum framleiðendum og innflytjendum séu margir. Engar hindranir séu á innflutningi smurefna og auðvelt að hefja innflutning til eigin nota sé það hagkvæmara.
13. Að sögn Skeljungs selji félagið aðallega smurolíu til viðskiptavina sinna á fyrirtækjamarkaði. Sala til einstaklinga sé mun umfangsminni og fari einkum fram í gegnum vefverslun Skeljungs eða á þjónustustöðvum Orkunnar. Umfang viðskipta og breyting á markaðshlutdeild sé mjög háð innkaupum sjávarútvegsfyrirtækja sem bjóði reglulega út viðskipti sín og séu óhrædd við að skipta um birgja.
14. Í samrunaskrá áætla aðilar þó að markaðshlutdeild Skeljungs í innflutningi og sölu smurolíu hafi verið [15-20]% árið 2019, [20-25]% árið 2020 og [20-25]% árið 2021. Klettur flytji ekki inn smurolíu líkt eða selji til útgerða eða iðnfyrirtækja eins og Skeljungur. Klettur kaupi aftur á móti smurolíu þegar af Skeljungum og noti með verkstæðis- og viðhaldsþjónustu sinni til annarra fyrirtækja, svo sem verktaka. Lárétt áhrif samrunans séu því engin og lóðrétt áhrif hans verulega takmörkuð að mati aðila.
15. Að sögn samrunaaðila sé ómögulegt að áætla markaðshlutdeild eftir sölustigum eða undirmörkuðum smurolíu þar sem öll smurolía sé tollafgreidd í sama tollflokki. Hlutfall smurolíu fyrir vinnuvélar og ökutæki hafi numið [25-30]% af heildarsölu Skeljungs árið 2021. Heildarinnkaup Kletts hafi numið [0-5]% af seldu heildarmagni Skeljungs árið 2021 og aðeins [5-10]% af heildarsölu Skeljungs á smurolíum fyrir vinnuvélar og ökutæki. Þá hafi salan dregist saman undanfarin misseri að sögn fyrirtækjanna, vegna minnkandi sölu á tegundum í þessum flokki smurefna, vegna uppgangs annarra söluaðila og sérverslana, og aukinnar samkeppni í innflutningi og smásölu á smurolíu.
16. Stærstu viðskiptamenn Skeljungs séu stórnotendur, einkum útgerðir líkt og áður sagði. Velta félagsins sé því verulega háð innkaupum slíkra fyrirtækja. Þá standi ekkert því í vegi að útgerðirnar hefji eigin innflutning eða skipti um birgja, en auk þess þekkist vel að þau kaupi olíu



í erlendum höfnum ef þess gerist þörf. Byggja samrunaaðilar því á erlendu samkeppnislegu aðhaldi í þessu samhengi og að því er virðist kaupendastyrk viðskiptamanna sinna.

17. Að mati samrunaaðila séu helstu keppinautar Skeljungs sterkir aðilar eins og N1 og Olís sem selji smurefni með sama hætti í fyrirtækjasölu eða heildsölu. Samanlögð hlutdeild samrunaaðila á markaði málsins sé nærri [20-25]% fyrir sölu innflutning og sölu á smurolíu, og virk samkeppni ríki á markaðnum. Fyrir undirflokk smurolía fyrir vinnuvélar og ökutækja liggi ekki fyrir gögn um hlutdeild samrunaaðila en þeir keppi við N1 og Olís auk fjölda annarra smærri aðila, sem búi yfir markaðsstyrk, hafi starfað lengi á markaðnum, selji staðgönguvörur í umræddum flokki smurefna, og geti því með tiltölulega auðveldum hætti komið í stað Skeljungs.
18. Af framangreindu sjáist að mati samrunaaðila að mikil samkeppni ríki hvort sem horft sé til innflutnings eða sölu smurolíu og fjöldi keppinauta starfandi. Litlar sem engar aðgangshindranir séu til staðar og innkoma nýrra aðila auðveld. Þar sem allar smurolíur séu fluttar inn erlendis frá sæti markaðurinn verulegu samkeppnislegu aðhaldi. Ekki þurfi að kosta miklu til að hefja eigin innflutning og þá geti innflytjendur gert breytingar á vöruframboði til þess að bregðast við samkeppni annarra aðila. Aðilar á markaðnum bjóði sambærilegar smurolíur frá öðrum framleiðendum sem hægt sé að nota til að mynda fyrir ökutæki og vinnuvélar. Kaupendur séu margir og sterkir, og þeir geti auðveldlega fært sig milli birgja að sögn samrunaaðila.
19. Þá fjalla samrunaaðilar í samrunaskrá um aðra markaði en þá sem áhrifa samrunans gæti með beinum hætti, svo sem fleiri markaði þá þar sem Klettur sé starfandi en hafi ekki þýðingu fyrir úrlausn málsins að mati samrunaaðila. Samrunaaðilar skilgreina þannig og fjalla stuttlega um markað fyrir (i) innflutning og sölu vinnuvéla, (ii) innflutning og sölu vörubifreiða, (iii) sölu hjólbarða, og (iv) rekstur hjólbarðaverkstæða.
20. Að sögn samrunaaðila og samkvæmt áætlunum í samrunaskrá á grundvelli þeirra gagna sem aðilar öfluðu geti Klettur ekki talist í markaðsráðandi stöðu á neinum framangreindra markaða. Samruninn muni ekki styrkja eða skapa slíka stöðu að þeirra mati, enda hafi samruninn ekki í för með sér neinar láréttar breytingar á markaðsstyrk. Þá muni samruninn ekki gefa hinu sameinaða fyrirtæki færi á að útiloka keppinauta sína þannig að samruninn geti talist hafa skaðleg lóðrétt áhrif eða skaðleg samsteypuáhrif að mati samrunaaðila. Þvert á móti muni samruninn hafi í för með sér jákvæð áhrif á gæði þjónustu til viðskiptavina, fleiri útsölastaði, fjölbreyttara vöruúrval, aukna hagkvæmni í rekstri, og viðskiptavinir geti einnig notið samlegðaráhrifa í formi fríðinda og betri kjara.

Mat Samkeppniseftirlitsins

21. Að mati Samkeppniseftirlitsins er hægt að taka undir með samrunaaðilum að áhrifa samrunans gæti einkum á markaði fyrir smurolíur þar sem samrunaaðilar séu innflytjendur, heildsalar og smásalar, með mögulegri frekari skilgreiningu á undirflokkum smurefnis eða smurolía með tilliti til eiginleika og notkunar svo sem fyrir tiltekna tegundir véla. Þá komu jafnframt til mögulegrar skoðunar aðrir markaðir en eingöngu þeir sem lárétt skörun eða lóðrétt tengsl eru í starfsemi aðila, svo sem vegna mögulegra samsteypuáhrifa samrunans. Í ljósi niðurstöðu samrunamálsins og með vísan til áður nefndra upplýsinga og gagna í samrunaskrá og fylgiskjölum sem þegar hafa verið reifuð, telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á að taka endanlega afstöðu til markaðsskilgreininga, og ekki sé heldur þörf á að fjalla um tengda markaði eða aðra markaði þá þar sem Klettur starfar.
22. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni



raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

23. Við rannsókn málsins aflaði Samkeppniseftirlitið umsagna hjá helstu keppinautum samrunaaðila í innflutningi og sölu á smurolíu, og við sölu á eldsneyti. Umsagnaraðilar gerðu ekki athugasemdir við markaðsskilgreiningar samrunaaðila um vörumarkaði.
24. Að mati eins umsagnaraðilans gæti sala sameinaðs fyrirtækis í smurolíu orðið sterk með tilliti til fjölda og staðsetninga sölustaða Kletts og Skeljungu. Þá benti umsagnaraðilinn á að Skeljungur í gegnum Löður væri með sterka stöðu í bílþvotti. Í þessu máli væri sambærileg staða uppi þar sem Skeljungur væri að eignast einn viðskiptamann sinn enda félagið meðal helstu birgja Kletts. Með samrunanum verði Skeljungur eða hið sameinaða fyrirtæki meira lóðrétt sambætt en áður, sem geti haft neikvæð áhrif á samkeppni. Þó virðist umsagnaraðilinn ekki sjá slík veruleg áhrif né sé ástæða til til að ógilda samrunann að hans sögn.
25. Annar umsagnaraðilinn kom þeim sjónarmiðum á framfæri að ef fyrirtækin fengju að sameinast þyrfti að hafa augun á annarri röskun á samkeppni, til dæmis að ein vara verði ekki niðurgreidd með annarri vöru. Fáí viðskiptamaður til dæmis tilboð í vélur eða tæki þurfi að tryggja þau kaup eða tilboð verði ekki samtengd við kaup sama viðskiptamanns á eldsneyti eða smurolíum. Það sama eigi raunar við um dekkjahlutann að mati umsagnaraðilans. Kaupi viðskiptavinur eða fáí tilboð í dekk þurfi að tryggja að þau kaup eða tilboð verði ekki samtengd við kaup viðkomandi á eldsneyti eða smurolíum þannig skaðleg áhrif hafi á samkeppni. Kaup á vélum eða tækjum geti numið háum fjárhæðum og því geti aukinn afsláttur af slíkum viðskiptum vegið þungt þegar komi að ákvörðun um kaup á viðkomandi vörum. Umsagnaraðilinn fékk þó ekki séð að markaðsráðandi væri til staðar á markaðnum eða slík staða væri að verða til vegna samrunans.
26. Það er mat Samkeppniseftirlitsins, byggt á fyrirliggjandi gögnum og sjónarmiðum í málinu, að ekki séu forsendur til þess að ætla að samruni þessi leiði til þess að samrunaaðilar hafi, eða muni öðlast, markaðsráðandi stöðu á mörkuðum málsins. Þá eru ekki forsendur til þess að ætla að samruninn raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti, þótt ætla megi að samruninn leiði til aukinna tækifæra á einstökum mörkuðum málsins, líkt og umsagnaraðilar hafa bent á.
27. Það er því mat og var ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til íhlutunar í málinu og lauk rannsókn málsins á fyrsta fasa þann 17. janúar 2023.

Ákvörðunarorð

„Kaup Skeljungu ehf. og Skel fjárfestingafélags ehf. á öllu hlutafé í Kletti – sölu og þjónustu ehf. og Klettagörðum 8-10 ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson